

styrkur

Til : hafnarjordur@hafnarjordur.is
Frá : NKG <nkg@nkg.is>
CC : Magnús Baldursson
Heiti : styrkur
Málsnúmer : 0911578
Málsaðili : Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Skráð dags : 20.04.2015 19:34:57
Höfundur : NKG <nkg@nkg.is>

Viðhengi [Formleg beiðni_NKG2015.pdf](#)[Formleg beiðni_NKG2015.pdf](#)

[image006.jpg](#)[image006.jpg](#)

[image005.jpg](#)[image005.jpg](#)

Heil og sæl í Hafnarfirði,

Við hjá Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda sóttum um styrk til ykkar í febrúar byrjun, ef minnið er ekki að fara með okkur þá hefur ekki niðurstaða borist frá Hafnarfirði?

Nú eru viðburðir NKG framundan, okkur þætti afar vænt um að fá styrk frá bænum. Það er gaman að segja frá því að áhugi grunnskóla bæjarins hefur aukist og í ár bárust umsóknir frá eftirfarandi skólum :

Setbergsskóli
Hvaleyrarskóli
Víðisstaðaskóli
Áslandsskóli

Styrkur ykkar hefur verið á bilinu 150.000kr

Bestu kveðjur,
Anna Isfold
Sjá bréf frá febrúar :



NÝSKÖPUNARKEPPNI
GRUNNSKÓLANEMENDA

Ósk um framlag í formi hvatningar og styrks

11. febrúar 2015

Kæra sveitarstjórn,

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er verkefni sem hvetur til nýsköpunarkennslu í grunnskólum landsins. Börn frá 50 grunnskólum taka nú þátt að jafnaði, með um 3000 umsóknir á landsvísi. Starfsemi NKG fer fram allt árið um kring, með uppskeru í lok skólaárs. Tilgangur og markmið NKG er að gera einstaklingnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Það er verkefninu mikilvægt að sveitafélögin sýni stuðning sinn í verki. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir verkefnið um 5 milljónir sem nemur um 55% af kostnaðaráætlun, en hún hljóðar upp á rúmar 9,5 milljónir króna. Upplýsingar um verkefnið og bakland má finna á www.nkg.is.

**Tillaga NKG að upphæð styrks
eru 45 til 250 þúsund kr. eftir stærð sveitarfélaga**

NKG hefur innihald aðalnámskrár grunnskóla 2011 í forgrunni í starfi sínu, Þar er „sköpun“ skilgreind sem ein af grunnþáttum í íslenskri menntun. Þar segir m.a.: „... til að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu skal m.a. leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi“.

Við hvetjum ykkar til að skoða með hvaða hætti nýsköpunarkennsla fer fram innan ykkar grunnskóla. Sem og hvetja skólastjórnendur, kennara og nemendur með í þá vegferð, að efla nýsköpunarmennt á Íslandi.

Viljum í því tilliti benda á þjónustu sem við bjóðum uppá gjaldfrjálst. Anna Þóra Ísfold, framkvæmdastjóri NKG býður uppá 30 mínútna fyrirlestur um verkefnið fyrir kennara miðstigs, verkgreinakennara og stjórnendur skólans. Fyrirlesturinn er í senn hvatning til teymisins við innleiðingu á nýsköpunarmennt sem og fróðleikur um verkefnið í heild.

Einnig bendum við á handbók í nýsköpunarmennt „Komdu með í uppfinningarferð“ sem fá má gjaldfrjálst fyrir kennarahópinn, hjá Námsgagnastofnun.

Vilji hvatningarverðlaun NKG, verða afhent í annað sinn í vor, sjá nánar í viðhengi.

Velgengni NKG veltur á því hversu vel tekst til með skipulag, framkvæmd og sýnileika. Margar hendur vinna létt verk. Framkvæmdaraðilar vonast eftir að njóta stuðnings ykkar sem fyrr. eð nýsköpunarkveðju, Anna Þóra Ísfold, framkvæmdarstjóri í síma 615 0574

Með nýsköpunarkveðju,

Anna Þóra Ísfold,
framkvæmdastjóri
Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
Langagerði 46
108 Reykjavík
S. 6150574

nkg@nkg.is

www.nkg.is



Meira um mig

<http://annaisfold.branded.me/>